

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 09 – 2023

*Staður:* Hvanneyri og Teams

*Tími:* þriðjudagur 31. október 2023 kl. 13:00

*Fundinn sátu:* Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson, Haukur Þórðarson, Þórunna Jónsdóttir (Teams), Daði Már Kristófersson (Teams), Jóhannes Sveinbjörnsson. Ingvar Pétur Guðbjörnsson var forfallaður. Guðmunda Smáradóttir mannauðs- og gæðastjóri sat fundinn undir 5. lið.

**1. Fundargerðir.** Lokið var við rafræna undirritun fundargerða háskólaráðs, lítils háttar tæknilegir örðugleikar hafa truflað það mál.

**2. Stefna 2024-2028.** Rektor kynnti stefnuskjalið uppfært og með nýjustu athugasemdum frá starfsfólki, sem eru ekki síst frá skipulagsfræði og landslagsarkitektúr. Nokkrar umræður voru um hversu sýnilegar mismunandi einingar Lbhí eru og ættu að vera í stefnuskjalinu. Taka þarf mið af gildandi skipuriti í því efni. Rektor falið að vinna úr athugasemdum skv. þessum sjónarmiðum meðal annars. Rætt um að skipulagsbreytingar þurfi alltaf að vera í samráði við grasrótina. Fundur með hagaðilum vegna stefnunnar verður 22. nóvember.

**3. Fjármál – áætlun um innviðauppbýggingu.** Fjármál standa þokkalega vel og mikið af nýjum verkefnum að koma inn. Innviðauppbýgging virðist munu þokast áfram á næsta ári. Sótt var um í samstarfssjóð háskólanna vegna tilraunagróðurhúss og segir rektor það ekki eiga að skarast við fjármögnun jarðræktarmiðstöðvar, sem er að komast á skrið aftur. Líkur eru á að hægja verði á áformum þannig að jarðræktarmiðstöðin skv. fyrirbyggjandi teikningum af tveimur húsum og tengibýggingu verði reist í áföngum á næstu þremur árum. Mikilvægt er að hafa gott samráð við lykilstarfsmenn Lbhí er tengjast jarðræktarrannsóknum um forgangsröðun í þessum framkvæmdum áður en endanleg framkvæmdaáætlun lítur dagsins ljós.

### **4. Samstarfssjóður háskólanna – yfirlit umsókna**

12 umsóknir sem Lbhí tekur þátt í fóru í samstarfssjóðinn, þar af leiðir Lbhí tvær. Rektor gaf stutt yfirlit um þessar umsóknir.

### **5. Gæðaúttekt – eftirfylgni – kynning gæðastjóra**

Guðmunda gaf yfirlit um málið: Við erum að framfylgja lögum um háskóla hvað varðar kerfisbundið eftirlit með gæðum rannsókna og kennslu. Bologna samkomulagið kveður einnig á um þetta. Allt er þetta gert með reglubundnum hætti og fór Guðmunda yfir hvað þetta felur allt í sér. Hún fór yfir niðurstöður stofnanaúttektar Lbhí sem eru á margan hátt jákvæðar. Einnig fór hún yfir tækifæri til úrbóta skv. úttektinni. Áslaug Helgadóttir var ráðin tímabundið til að vinna í þessum

úrþótaverkefnum með framkvæmdastjórn. Haldið verður áfram að vinna í formlegri gæðahandbók og einnig handbók sem lýsir stjórnunarkerfi gæða við Lbhí. Almenn kynning á þessari vinnu fyrir starfsmenn verður strax á nýju ári. Vinna við málstefnu er í gangi.

## **6. Mál til upplýsingar**

Opinn fundur um stefnuna 22. nóvember

Stefnt að því að siðanefnd verði búin að yfirfara reglur fyrir áramót

Næsti fundur háskólaráðs er 28. nóvember og er stefnt að því að það verði síðasti fundur ársins.

Fundað var með íbúum á Hvanneyri í gærkvöldi um ýmis praktísk málefni.

Fundi slitið kl. 15.00.